

Botnsvirkjun í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 3. mars 2026 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Botnsorku ehf. vegna Botnsvirkjunar í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 3.15 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun Botnsorku.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu á vef Bæjarins Besta 5. mars 2026 og heimasíðu Ísafjarðarbæjar 9. mars 2026, einnig var hún aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 5. mars til 2. apríl 2026.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Botnsvirkjun í Dýrafirði. Matsáætlun, mat á umhverfisáhrifum. Rorum - Botnsorka. 9. febrúar 2026.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Ísafjarðarbæ dags. 30. júní 2026
- Fiskistofu dags. 16. júní 2026
- Hafrannsóknastofnun dags. 26. mars 2026
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 30. apríl 2026
- Minjastofnun Íslands dags. 27. mars 2026
- Náttúrufræðistofnun dags. 31. mars 2026
- Náttúruverndarstofnun dags. 7. apríl 2026
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 16. apríl 2026
- Vegagerðinni dags. 31. mars 2026

Enn fremur bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum:

- Vali Richter dags. 14. mars 2026
- Sigurði Hreinssyni dags. 1. apríl 2026

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 29. júní 2026.



3 Flutningur verkefna Skipulagsstofnunar

Á meðan málsmeðferð stóð yfir fluttust verkefni Skipulagsstofnunar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem á sama tíma fékk heitið Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun. Álit þetta er því gefið út af Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) en móttaka og samráð um matsáætlunina var í höndum Skipulagsstofnunar.

4 Framkvæmd

Í matsáætlun Botnsorku eru kynnt áform um nýja 3 MW Botnsvirkjun í Dýrafjarðarbotni, sem miðast við að virkjað rennsli verði allt að 1 m³/s og að orkuframleiðsla verði 16-18 GWh á ári, og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Virkjunin verður rennslisvirkjun án miðlunarlóna og nýtir hluta vatns Botnsár og Drangaár til raforkuframleiðslu. Inntaksmannvirki verður staðsett í Botnsá í um 370 m h.y.s. Inntakið verður úr steinsteypu og myndar stíflu ásamt inntaksþró. Fyrir ofan inntakið myndast lítil inntakstjörn. Úr inntakstjörninni rennur vatn árinna um yfirfall stíflunnar. Sá hluti vatnsins sem virkjunin nýtir fer í gegnum inntaksristar neðan til við yfirfallið og um inntaksrás að inntaksþró sem verður við enda stíflunnar að sunnanverðu. Inntaksþróin verður að mestu niðurgráfin. Frá inntaksþró verður vatn leitt til 150 m² stöðvarhúss virkjunarinnar um niðurgrafna þrýstipípu rúmlega 3 km leið. Sýnilegur hluti inntaksmannvirkis eru fyrst og fremst inntakstjörnin sem myndast, yfirfallið sem að öllu jöfnu myndar lítinn foss yfir inntaksristar og inntaksþró sem verður þó að mestu leyti niðurgráfin. Til að auka rekstraröryggi virkjunarinnar verður hluta rennslis Drangaár leitt um niðurgrafna aðrennslisþró að inntaksmannvirki, en ekki er gert ráð fyrir miðlun á vatni. Þörf er á að leggja um 100 m slóða frá veginum, sem liggur inn að stöðvarhúsinu og mun frárennsli frá virkjuninni fylgja þeim slóða í Botnsá. Efnisþörf er metin um 20.000 m³ og er stefnt að því að endurnýta efni sem kemur úr uppgreftri við stöðvarhús, aðveituskurðum og pípum til annarra framkvæmda innan framkvæmdasvæðisins. Verði efnisþörf umfram það sem fellur til við framkvæmdina verður efni sótt í viðurkenndar námur innan marka sveitarfélagsins. Framleidd orka verður flutt um jarðstreng að rafstreng sem liggur í Dýrafjarðargöngum sem er í 2,5 km fjarlægð frá fyrirhuguðu stöðvarhúsi, og tengist þar dreifikerfi raforku.

Upphaflega var gert ráð fyrir allt að 5 MW virkjun með tveimur stöðvarhúsum en breytingin byggir á nánari greiningu á rennslisgögnum, tæknilegum forsendum og umhverfisáhrifum. Með minnkun afls og einföldun mannvirkja er dregið úr umfangi framkvæmda, jarðraski, sýnileika mannvirkja og áhrifum á landslag og vistkerfi svæðisins. Framkvæmdasvæðið hefur einnig verið minnkað úr 550 ha í um 200 ha og nær hæst í 390 m.y.s.

Landmótun og frágangur

Pípuleið mun fylgja vegslóða sem fær að gróa upp með staðargróðri og aðlagast nánasta umhverfi sínu. Gróðurþekja verður lögð til hliðar við gróft skurða svo setja megí hana aftur yfir pípuleiðina þegar skurðum verður lokað. Ekki verður borið á eða sáð framandi gróðri í sárin. Ofan við skógarlund mun pípuleið fylgja framræsluskurði á um 0,5 km kafla. Frárennslisskurður frá virkjuninni ásamt slóða að stöðvarhúsi mun að sama skapi fylgja framræstum skurði.



Mynd 1. Staðsetning Botnsvirkjunar í Dýrafirði. Aðrennslispípa gul, þrýsípípa blá og frárennsli fjólublátt (mynd fengin úr matsáætlun Botnsorku ehf.)

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar Botnsorku.

5 Álit Húsnæðis- mannvirkja- og skipulagsstofnunar

Húsnæðis- mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit HMS fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit HMS er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.



Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Vatnshlot og vatnalíf

Í matsáætlun Botnsorku kemur fram að Botnsá teljist til straumvatnshlots skv. vatnaáætlun með vatnshlotnúmerið 101-490-R. Heildarlengd vatnshlotsins sé 10,7 km. Vatnshlotið nái frá upptökum Botnsár í Dýrafjarðarbotni og til sjávar og taki jafnframt við vatni úr Drangaá neðarlega í Botnsdal. Fyrirhuguð virkjun Botnsár og Drangaár feli ekki í sér miðlun og heildarvatnsrennsli til sjávar muni því haldast óbreytt. Hluta rennslis Drangaár verði veitt að inntaki Botnsár sem leiði til þess að rennsli í neðri hluta farvegs Drangaár minnki á um þriggja km kafla. Jafnframt verði hluti rennslis Botnsár tekinn í þrýstipípu við inntak sem leiði til minnkaðs rennslis í farvegi Botnsár á um þriggja km kafla milli inntaks og frárennslis virkjunarinnar. Virkjunin muni ekki nýta allt vatn í ánum og því sé ekki gert ráð fyrir að farvegi þeirra þorni, en rennslisskilyrði innan vatnshlotsins muni breytast.

Í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotið í heild, með hliðsjón af kröfum vatnaáætlunar um vernd vistfræðilegrar stöðu vatnshlota. Einnig verði fjallað um möguleg mótvægisáhrif inntakstjarnar og sett fram heildstætt mat á áhrifum á vatnshlotið.

Í matsáætlun kemur einnig fram að fyrirhuguð framkvæmd Botnsvirkjunar geti haft áhrif á vatnalíf í Botnsá og Drangaá bæði á framkvæmda- og rekstrartíma. Á framkvæmdatíma megi gera ráð fyrir raski á farvegum, gruggmyndun og tímabundnum breytingum á búsvæðum vatnalífvera. Á rekstrartíma muni breytt rennsli í farvegum ánna mögulega hafa áhrif á búsvæði fiska og hryggleysingja, einkum á kaflanum frá inntaki að útfalli frárennslis. Slíkar breytingar geti haft áhrif á fæðuframboð, búsvæðaskilyrði og útbreiðslu lífríkis í ám.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að mikilvægt sé að mat á umhverfisáhrifum fjalli m.a. um breytingar á rennsli í farvegum, stýringar á rennsli og áhrif rennslisbreytinga á lífríki ánna. Þá sé einnig mikilvægt að fjalla um vatnsformfræðilegar breytingar sbr. lög um stjórn vatnamála, en markmið þeirra sé að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt sé lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Við allar framkvæmdir í ám og vötnum skuli því leita allra leiða til þess að komast hjá því að vatnsgæði spillist og að afkoma lífríkis í vatni versni ekki við framkvæmdir. Gera þurfi grein fyrir hverjar breytingar verði á vatnshlotum vegna framkvæmdanna og sækja um heimild til breytinga á vatnshloti til Umhverfis- og orkustofnunar ef slíkt eigi við. Slíkt breyting leiði það í för með sér að ekki sé hægt að ná umhverfismarkmiðum vatnshlotsins skv. 11. gr. vatnalaganna. Að mati stofnunarinnar væri rökrétt fyrsta skref að leita heimildar Umhverfis- og orkustofnunar fyrir breytingu á vatnshloti áður en lengra væri haldið í undirbúningi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um breytingar sem kunni að verða á vatnshloti Botnsár við virkjun árinna. Framkvæmdaraðili muni hafa samband við Umhverfis- og orkustofnun ef sækja þurfi um breytingar á vatnshloti. Framkvæmdum verði hagað þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi árfarvegarins.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að mikilvægt sé að í matsáætluninni komi fram að lög um stjórn vatnamála, reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og Vatnaáætlun 2022-2027 verði höfð sem viðmið við gerð umhverfismatsins. Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana segi að umhverfismatsskýrsla eigi að innihalda upplýsingar um áhrif framkvæmdar á vatnshlot skv. lögum um stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun hafi gefið út leiðbeiningar varðandi hvernig eigi að framkvæma slíkt mat og hafa skuli þær til hliðsjónar við gerð áhrifamatsins.



Öll vatnshlot hafi umhverfismarkmið og þau séu lagalega bindandi og ástand vatnshlota megi aldrei hnigna miðað við þau umhverfismarkmið sem sett hafi verið fyrir vatnshlotið, hvorki varanlega né tímabundið, nema undanþága hafi verið veitt. Mikilvægt sé að áhrifamat vegna mögulega áhrifa á vatn sé gert eins snemma í undirbúningsferli framkvæmda og hægt sé og að það nái til allra vatnshlota sem fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á, beint eða óbeint. Ef áhrifamat leiði í ljós að framkvæmd hafi áhrif á vatn þurfi að gera grein fyrir þeim áhrifum og setja fram áætlanir um mótvægisáðgerðir.

Umhverfis- og orkuskipti bendi á að í umhverfismatinu þurfi að meta vistfræðilegt ástand vatns sem verði fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd. Vistfræðilegt ástand byggi á líffræðilegum, efna- og eðlisefnafræðilegum og vatnsformfræðilegum gæðapáttum. Það að setja upp vatnsaflsvirkjun breyti vatnsformfræðilegum eiginleikum vatnshlots sem í flestum tilfellum hafi áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlots. Mjög mikilvægt sé að vita snemma í ferlinu hvort fyrirhuguð framkvæmd muni leiða til þess að umhverfismarkmið vatnshlots náist ekki þar sem slíkt kalli á sérstaka málsmeðferð og ósk um heimild frá stofnuninni til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í matsáætlun hafi verið reynt að fjalla um ofangreind atriði en farið verði yfir leiðbeiningar UOS og áætlun endurskoðuð m.t.t. þess.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar kemur fram að vegna eðlis framkvæmdarinnar þurfi sérstaklega að fjalla um áhrif á vatnafar, vatnshlot, árfarvegi, fossa og lífríki vatns, virkjað rennsli, tryggt lágmarksrennsli, áhrif á árstíðarsveiflur og þurrkatímabil, möguleg áhrif á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlota, auk fyrirhugaðra mótvægisáðgerða og vöktunar.

- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun bendir á að vinna þarf mat á áhrifum á vatnshlot fyrir þau vatnshlot sem verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Áhrifamat vatnshlotanna skal fylgja umhverfismatsskýrslu og þarf samantekt á helstu niðurstöðum áhrifamatsins að koma fram í umhverfismatsskýrslu. Áhrifamat vatnshlota skal vinna samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. HMS tekur undir með Umhverfis- og orkuskipti sem bendir á að mikilvægt er að vita snemma í ferlinu hvort fyrirhuguð framkvæmd muni leiða til þess að umhverfismarkmið vatnshlots náist ekki og óska um heimild frá stofnuninni til breytingar á því sbr. lög um stjórn vatnamála.
- HMS bendir á mikilvægi þess að í umhverfismatsskýrslu verði ítarleg umfjöllun um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnalíf. Fjalla þarf ítarlega um hver verði skerðing á rennsli árinna niður allan farveginn með tilkomu virkjunarinnar og hvernig áhrif breytast eftir árstíma. Skilgreina þarf hvert lágmarksrennsli þeirra vatnsfalla sem verða fyrir skerðingu á náttúrulegu rennsli vegna virkjunarinnar og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum í þurrkatíð, meta áhrif virkunar á smádyralíf, seiðabúskap, fiskistofna og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum.

Gróður og vistgerðir

Í matsáætlun Botnsorku kemur fram að vistgerðarkortlagning Náttúrustofu Vestfjarða liggja til grundvallar umfjöllun um gróður og vistgerðir á framkvæmdasvæði Botnsvirkjunar. Kortlagningin veiti yfirsýn yfir dreifingu vistgerða og verndargildi þeirra innan áhrifasvæðisins og sé mikilvægur grunnur við skipulagningu framkvæmda. Fyrirhuguð framkvæmd geti haft áhrif á gróður og vistgerðir innan framkvæmdasvæðisins, Helstu áhrif tengist lagningu þrýstípípu, gerð vegslóða, vinnu við inntaksmannvirki, stöðvarhús og lagningu jarðstrengs.

Fram kemur að neðsti hluti þrýstípunnar um 500 m að lengd, muni liggja ofan við skógræktarreit í Dýrafjarðarbotni og fylgi þar framræstum skurði sem ræstur var vegna skógræktar. Þessi hluti framkvæmdar verði í nálægð við votlendissvæði en fari um land sem þegar hafi verið raskað. Staðsetning þrýstípípu á þessum stað hafi verið valin með hliðsjón af vistgerðarkortinu og muni, skv. skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða, valda minnsta mögulega raski á gróðri og votlendissvæðum.



Í umhverfismatsskýrslu verði sett fram mat á heildarröskun gróðurs og sundurliðun á raski eftir vistgerðum, m.a. með töflum, tegundalistum og vistgerðakortum. Sérstök umfjöllun verði um áhrif á votlendisvistgerðir í ljósi ákvæða náttúruverndarlaga og það metið hvort fyrirhuguð framkvæmd samrýmist verndarmarkmiðum laganna. Ekki sé þörf á frekari gróðurrannsóknnum þar sem fyrirbyggjandi gögn séu talin fullnægjandi til að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar er bent á að við gerð umhverfismatsskýrslu sé mikilvægt að gera nánari grein fyrir verndargildi vistgerða innan áhrifasvæðisins, þar á meðal hvort um sé að ræða vistgerðir sem falli undir alþjóðlegar verndarskuldbindingar, svo sem Bernarsamninginn og hvaða vægi þær hafi í mati á áhrifum. Jafnframt telji stofnunin mikilvægt að fjallað sé nánar um tengsl vistgerða við aðra umhverfispætti, einkum vatnafar og bakkagróður, þar sem breytingar á rennsli geti haft áhrif á útbreiðslu og ástand vistgerða. Þá sé jafnframt mikilvægt að rökstyðja með skýrum hætti hvort fyrirbyggjandi gögn séu fullnægjandi eða hvort þörf sé á frekari rannsóknnum við mat á áhrifum framkvæmdarinnar.

Náttúruverndarstofnun vilji vekja athygli á auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Öllum sé skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð sé að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar sé að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúrunni. Mikilvægt sé að kortleggja þessar plöntur og fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á þær.

Að lokum bendi stofnunin á að skv. lögum um náttúruvernd segi að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í og við vötn skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Mikilvægt sé að fjallað sé um áhrif framkvæmdanna á bakkagróður og einnig þurfi í umhverfismatsskýrslu að gera grein fyrir vistfræðilegu hlutverki bakkagróðurs og hvernig fyrirhuguð rennslisbreyting geti haft áhrif á samspil lífríkis í og við árfarveginn.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Botnsvirkjun muni styðjast við friðlýsingarskjal plantna frá árinu 2021 í umhverfismatsskýrslu. Leiðbeiningum Náttúruverndarstofnunar verði fylgt.

- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun bendir á að umhverfismatsskýrslu þarf m.a. að gera grein fyrir heildarraski á landi og raski á vistgerðum með hátt verndargildi, birta vistgerðarkort sem sýni legu votlendis yfir 2 ha m.t.t. rasksvæðis og meta áhrif á sjaldgæfar plöntutegundir og bakkagróður. Einnig þarf að meta rofhættu og leggja til mótvægisáðgerðir eða vöktun ef þörf krefur. Jafnframt þarf að gera grein fyrir því hvernig staðið verður að frágangi allra raskaðra svæða í verklok.
- HMS tekur einnig undir ábendingar Náttúruverndarstofnunar sem telur mikilvægt að rökstyðja með skýrum hætti hvort fyrirbyggjandi gögn eru fullnægjandi eða hvort þörf er á frekari rannsóknnum við mat á áhrif framkvæmdarinnar á gróður og vistgerðir.

Valkostir

Í matsáætlun Botnsorku kemur fram að við undirbúning framkvæmdarinnar hafi verið skoðaðir nokkrir valkostir varðandi staðsetningu og útfærslu mannvirkja. Við val á útfærslu hafi verið lögð áhersla á að lágmarka rask á votlendi og birkiskóga, draga úr sýnileika mannvirkja og forðast svæði þar sem snjóflóðahætta eða önnur náttúruvá gæti haft áhrif á rekstraröryggi.

Fram kemur að í matsskyldufyrirspurn hafi verið lagður fram valkostur þar sem gert var ráð fyrir allt að 5 MW rennslisvirkjun í tveimur þrepum með tveimur stöðvarhúsum. Sá kostur gerði ráð fyrir virkjun rennslis á allt að 1,5 m³/s á um 550 ha skipulagssvæði sem náði hæst í 600 m hæð y.s. Við nánari úrvinnslu rennslisgagna, tæknilegra forsendna og mati á umhverfisáhrifum kom í ljós að sá kostur hefði í för með sér umfangsmeiri mannvirkjagerð, aukinn sýnileika og meiri áhrif



á landslag og óbyggð víðerni. Einnig hefði rennslisskerðing orðið bæði meiri og á lengri kafla árfarvegs Botnsár.

Aðalvalkosturinn sem nú sé lagður fram sé endurskoðaður valkostur með minna umfang. Uppsett afl sé 3 MW og virkjað rennsli um 1 m³/s Skipulagssvæðið hafi minnkað niður í 200 ha og nær hæst í 390 m hæð y.s. Eitt stöðvarhús fylgi þessum valkosti. Ekki sé raunhæft að reisa annars konar virkjun í Botnsá en rennslisvirkjun.

Framkvæmdaraðili ætli einnig að fjalla um núllkost ef ekki yrði af framkvæmdunum.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar kemur fram að sveitarfélagið telji mikilvægt að fjallað verði skýrt um raunhæfa valkosti, þar á meðal núllkost, val á staðsetningu inntaks, legu þrýstipípu, staðsetningu stöðvarhúss, legu jarðstrengs og aðkomuleiðir. Jafnframt þurfi að rökstyðja hvers vegna valin útfærsla sé talin heppilegust m.t.t. umhverfisáhrifa og hvers vegna eldri eða umfangsmeiri útfærslur hafi verið lagðar til hliðar.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að framsetning núllkosts sé frekar takmörkuð þar sem hún taki ekki til þeirra umhverfisþátta sem matsáætlunin annars fjalli um. Að mati stofnunarinnar sé nauðsynlegt að núllkostur sé settur fram sem raunhæfur samanburðarkostur í umhverfismati, þar sem:

- núverandi ástand umhverfis sé skilgreint og lagt til grundvallar samanburði.
- metin séu bæði umhverfisleg og samfélagsleg áhrif þess að ráðast ekki í framkvæmd.

Jafnframt þurfi að tengja núllkost við þá umhverfisþætti sem til skoðunar séu í matsáætluninni, svo sem vatnafar, lífríki, landslag og óbyggð víðerni, þannig hann nýtist sem skýrt viðmið í mati á áhrifum framkvæmdarinnar.

Auk þess bendi stofnunin á mikilvægi þess að umfjöllun sé um mismunandi útfærslur framkvæmdarinnar, svo sem legu mannvirkja, staðsetningu inntaks og stöðvarhúss og umfang virkjunar, sem og rökstuðning fyrir því hvers vegna aðrir kostir hafi verið felldir út.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að fjallað verði um núllkost í samræmi við leiðbeiningar Náttúruverndarstofnunar í umhverfismatsskýrslu. Fjallað verði um mismunandi útfærslur framkvæmdarinnar, svo sem legu mannvirkja, staðsetningu inntaks og stöðvarhúss, auk umfang virkjunarinnar. Að mati framkvæmdaraðila raski framkvæmdin ekki óbyggðum víðernum, líkt og fjallað sé um í matsáætluninni.

- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. HMS telur mikilvægt að reifa vel þá valkosti sem hafa verið skoðaðir í umhverfismatsskýrslu.
- HMS bendir einnig á að gera þurfi grein fyrir því hvernig sú tilhögun sem fyrirhuguð er þ.m.t. afl virkjunar, hafi verið ákveðin. Gera þarf grein fyrir afli þeirra véla sem ráðgert er að setja upp, þ.e. uppsettu afli miðað við stærð virkjunar sem lögð er fram í umhverfismati. Gera þarf grein fyrir því hvort 3MW sé endanleg stærð virkjunar eða hvort mögulegt verði að auka orkuframleiðslu síðar og þá hvort það sé fyrirhugað.
- HMS minnir á að umfjöllun um núllkost felur í sér að gerð er grein fyrir líklegri þróun umhverfisins án þess að komi til til framkvæmda.

Náttúruminjasrá og sérstök vernd

Í matsáætlun Botnsorku kemur fram að framkvæmdasvæðið sé á Náttúruminjasrá og fjörur í botni Dýrafjarðar séu meðal tillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) Náttúruminjasrár. Svæðið sé ekki á framkvæmdaáætlun vegna friðlýsingar 2025-2029. Fram kemur að engar framkvæmdir séu fyrirhugaðar á því svæði sem



tillaga Náttúrufræðistofnunar nái yfir, og þar sem um rennslisvirkjun án miðlunar sé um að ræða muni ferskvatnsrennsli verða óskert til sjávar neðan stöðvarhúss virkjunar. Þá tilheyrir botn Dýrafjarðar hverfisverndarsvæði H1 samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að skráning svæðis á náttúruminjaskrá endurspeglir verndargildi þess á landsvísi og feli í sér að taka þurfi sérstakt tillit til náttúru og landslags við skipulag og ákvarðanatöku. Að mati stofnunarinnar sé mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu verði lagt skýrt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á það verndargildi sem liggja að baki skráningu svæðisins á náttúruminjaskrá, þar sem sérstaklega verði horft til heildarásýndar, landslagsgerða og náttúrufars. Jafnframt þurfi að fjalla um hvort og hvernig framkvæmdin samræmist þeim verndarsjónarmiðum sem skráningin byggir á.

Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að ekki séu allir fossar skráðir inn í kortasjá Náttúrufræðistofnunar sem njóti sérstakrar verndar. Rétt sé að allir fossar á Íslandi njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Samkvæmt sömu grein sé kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar séu upp 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins beri að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að fjallað verði um öll áhrif framkvæmdarinnar á einstök náttúrufyrirbæri og náttúru svæðisins í heild í umhverfismatsskýrslu. Fjallað verði um alla fossa sem gætu orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Leiðbeiningum Náttúruverndarstofnunar verði fylgt.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar kemur fram að framkvæmdasvæðið hafi verulegt náttúru-, landslags- og útivistargildi. Í umhverfismatsskýrslu þurfi að fjalla um áhrif á verndargildi svæðisins, gróður, vistgerðir, birkikjarr, votlendi, fuglalíf, jarðmyndanir, landslag, ásynd og óbyggð víðerni. Sýna þurfi umfang raskaðra svæða með skýrum kortum og gera grein fyrir frágangi, uppgræðslu og endurheimt að framkvæmdum loknum. Einnig verði að leggja fram ásyndarmyndir eða sýnileikagreiningar frá viðeigandi sjónarhornum. Í umhverfismatsskýrslunni þurfi jafnframt að gera grein fyrir áhrifum á framkvæmdartíma, þar á meðal vegslóðum, efnispörf, efnisnámi, efnislosun, vinnubúðum, geymslsvæðum, flutningsleiðum, umferð og aðgengi. Tryggja þurfi að fjallað verði um menningarminjar og að fornleifaskráning liggja fyrir áður en ráðist verði í jarðrask.

- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að í umhverfismatsskýrslu verði umfjöllun um svæði sem njóta sérstakrar verndar, upplýsingar um umfang rasks þeirra svæða og aðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð áhrif. Ef framkvæmdin hefur áhrif á svæði sem njóta sérstakrar verndar þarf að rökstyðja brýna nauðsyn þess að raska svæðunum í umhverfismatsskýrslu.

Landslag og ásynd

Í matsáætlun Botnsorku kemur fram að fyrirhuguð virkjun feli í sér uppbyggingu mannvirkja sem kann að hafa áhrif á landslag og ásynd svæðisins, þar á meðal stöðvarhús, inntaksmannvirki, stíflu, inntakstjörn og vegslóða. Hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á ásynd og landslag felist einkum í breyttu ásyndarmynstri með tilkomu mannvirkja, auk mögulegra áhrifa á upplifun landslags frá tilteknum sjónarhornum.

Meta á áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásynd með greiningu á sýnileika mannvirkja og tengslum þeirra við nærliggjandi landslag. Í umhverfismatsskýrslu verði stöðvarhús, vegslóðar og önnur mannvirki teiknuð inn á ljósmyndir af fjarðarbotninum frá mismunandi sjónarhornum til að sýna sjónræn áhrif framkvæmdarinnar. Einnig verði reynt að leggja mat á sýnileika að mannvirkjum með sýnileikakortum og greiningu á afstöðu mannvirkja í umhverfinu. Í umhverfismatsskýrslu verði einnig teknar saman lýsingar á landslagsgerðum innan áhrifasvæðis Botnsvirkjunar og lagt mat á breytingar á ásynd þeirra vegna framkvæmdarinnar.



- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun bendir á að við mat á sjónrænum áhrifum virkjunarinnar þarf að tryggja vandaða myndræna framsetningu og setja fram skýr rök fyrir vali sjónarhorna líkanmynda sem sýna og greina aðstæður á svæðinu fyrir framkvæmdir og að þeim loknum.

Fuglalíf

Í matsáætlun Botnsorku kemur fram að Náttúrustofa Vestfjarða hafi gert ítarlegar rannsóknir á fuglalífi í Dýrafjarðarbotni í tengslum við undirbúning Botnsvirkjunar. Þekkt varpsvæði arnar séu staðsett utan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Dýrafjarðarbotn falli ekki undir svæði sem skilgreind hafi verið sem mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Af þeim níu tegundum sem fundust séu fimm flokkaðar ekki í hættu skv. valista Náttúrufræðistofnunar Íslands, tvær flokkaðar í nokkurri hættu og tvær tegundir í yfirvofandi hættu. Tvær af þessum tegundum teljast jafnframt ábyrgðartegundir Íslands.

Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd geti haft áhrif á fuglalíf á framkvæmdasvæðinu, einkum á framkvæmdatíma. Helstu hugsanlegu áhrifin tengist skerðingu búsvæða og truflun vegna mannvirkjagerðar. Einnig geti skert rennsli í Botnsá haft áhrif á búsvæði fugla sem tengist vatnsfarvegum. Helstu áhrif á fuglalíf komi fram á framkvæmdatíma en minni eða engin áhrif séu talin verða á rekstri virkjunarinnar.

Framkvæmdaraðili geri ekki ráð fyrir frekari fuglarannsóknum þar sem fyrirbyggjandi gögn séu talin fullnægjandi til að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að fuglar hafi verið taldir einu sinni þ.e. í júní 2021 og þá hafi sést straumandapar. Við straumandatalningar sé æskilegt að telja tvisvar á ári. Fyrst í lok maí eða byrjun júní þegar talið sé að fuglar séu alkomnir á árnar til að meta varpstofn og aftur um eða fyrir miðjan ágúst þegar kollur fari að sjást með stálpaða unga.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að straumandaparið hafi ekki sést aftur við ána og ekki sé talin þörf á frekari athugunum.

- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða umfjöllun framkvæmdaraðila um fuglalíf í umhverfismatsskýrslu.

Fornminjar

Í matsáætlun Botnsorku kemur fram að skv. niðurstöðum fornleifakönnunar Náttúrustofu Vestfjarða sé ekki talið líklegt að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á menningarminjar eða fornleifar. Framkvæmdasvæðið hækki til fjalls og ekki sé talið að það hafi verið nýtt til búsetu, sem dragi úr líkum á að þar finnist fornleifar tengdum mannvirkjum eða búsetu. Þar sem hluti svæðisins sé kjarri vaxinn sé þó ekki með öllu hægt að útiloka að minjar á borð við vörður eða leiðir kunni að leynast undir gróðri.

Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir frekari fornleifarannsóknum þar sem engar minjar fundust við könnunina. Niðurstöður umfjöllunar um menningarminjar verði settar fram í umhverfismatsskýrslu með textalýsingu og kortagögnum eftir því sem við eigi.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að stofnunin hafi mótttekið og samþykkt fornleifaskráningu framkvæmdaraðila á svæðinu. Samkvæmt henni séu engar skráðar minjar innan framkvæmdasvæðisins. Lagnaleiðin vegna tengingar virkjunarinnar við flutningskerfið hafi hins vegar ekki verið skráð m.t.t. fornleifa og það þurfi að ljúka þeirri rannsókn. Að öðru leyti geri Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili ætli að vinna að umhverfismati.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að hann muni láta skrá lagnaleið jarðstrengs virkjunarinnar m.t.t. fornleifa. Ef framkvæmdin hafi áhrif á menningarminjar þá muni framkvæmdaraðili leita til stofnunarinnar eftir umsögn og leita leyfis ef jarðrask verði fyrirhugað.



- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun bendir á að umfjöllun um fornleifar í umhverfismatsskýrslu þurfi að taka mið af ofangreindum ábendingum Minjastofnunar Íslands.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að sýna afstöðu minja til fyrirhugaðra framkvæmda á korti eða loftmynd og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna menningarminja ef einhverjar eru.

Mótvægisáðgerðir og vöktun

Í umsögn Ísafjarðarbæjar kemur fram að mótvægisáðgerðir og vöktun þurfi að vera settar fram með skýrum og framkvæmanlegum hætti í umhverfismatsskýrslu. Þar skuli koma fram ábyrgðaraðilar, tímasetningar, viðmið um árangur, hvernig brugðist verði við ef áhrif reynist meiri en gert hafi verið ráð fyrir. Jafnframt þurfi að hafa virkt samráð við sveitarfélagið, íbúa, landeigendur og aðra hagsmunaaðila á næstu stigum málsins.

- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun tekur undir með Ísafjarðarbæ og leggur áherslu á að framkvæmdaraðili leggi fram mótvægisáðgerðir og vöktun eftir því sem við á með skýrum og framkvæmanlegum hætti í umhverfismatsskýrslu.

Reykjavík, 9. júlí 2026

Jakob Gunnarsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir



Rafræn skilríki

HMS

Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Jakob Gunnarsson

Jakob Gunnarsson
Sérfræðingur, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með **OneSign**



Rafræn skilríki

HMS

Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Pórdís Stella Erlingsdóttir

Pórdís Stella Erlingsdóttir
Sérfræðingur, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með **OneSign**